

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar í Garðabæ.

Breyting deiliskipulags Flata.

Breytingin nær til lóðarinnar að Stekkjarflöt 2 og gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits og nýjum byggingarreit fyrir 37,5 m² bílskúr. Nýtingarhlutfall á lóðinni hækkar úr 0,24 í 0,33.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Garðabæjar, neðsta svæði, Sveinatungureitur (svæði III).

Breytingin felst í að fyrirkomulag bílastæða fyrir starfsmenn við Goðatún breytist, en fjöldi þeirra helst óbreyttur. Felld er niður inn- og útkeyrsla við Goðatún en verður í stað þess við Litlatún.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingar þessar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 29. maí 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2008